



Skautasamband Íslands
Engjavegi 6,
104 Reykjavík, Ísland

Skýrsla stjórnar Skautasambandsins tímabilið 2009-2010

Í stjórn á liðnu starfsári voru eftirtaldir aðilar:

June Eva Clark	formaður
Kristín Linda Kristinsdóttir	varaformaður
Sigríður Matthildur Guðjohnssen	gjaldkeri
Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir	ritari
Inga Randversdóttir	meðstjórnandi

Varamenn:

Kristín Linda Steingrímsdóttir
Þóra Gunnarsdóttir
Bára Margrét Benediktsdóttir

Sumarbúðir ÍSS voru haldnar 1-20 júní 2009 eða þriggja vikna búðir þar sem bæði voru einstaklingsskautarar og samhæfður skautadans, um þjálfun í æfingarbúðunum sáu þau Olga Baranova-Finnlandi, Ivan Kralic-Danmörku og Shelly Barnett-Canada ásamt tveimur skauturum sem voru Heimsmeistarar 2009 í samhæfðum skautadansi.

Æfingarbúðirnar fóru fram í Egilshöllinni. Bára Margrét Benediktsdóttir sá um að allir fengju hollann og góðan mat og þökkum við henni sérstaklega fyrir hennar framlag. Aðstoðarþjálfarar sem aðstoðuðu bæði á ís og á afís æfingur í æfingarbúðunum eiga einnig þakkir skildar.

Dómaranámskeið ÍSS fór fram 14 – 16 ágúst í húsi ÍSÍ þær Laila Davidsson og Carina Kelly sem koma báðar frá Svíþjóð sáu um námskeiðið. Námskeiðið var ágætlega sótt af dómurum og dómaraefnum ásamt tæknidómurum en tímasetning hamlaði þó að fleiri gætu tekið þátt sem hefðu viljað. **Þjálfaranámskeið ÍSS var haldið 28-30 ágúst** í Skautahöllinni í Laugardal, María Mclean sá um námskeiðið þar sem lögð var áheyrsla á Kóreograf og grunnskautafærni. Mjög góð þátttaka var á námskeiðinu 24 þjálfarar frá öllum félögum voru skráðir. Það var samdóma álit þeirra þjálfara sem ég heyrði í að þetta námskeið hefði verið mjög gagnlegt og gott. ÍSS sendi þrjá tæknidómara á **Tæknidómaranámskeið í Svíþjóð 28-30 ágúst 2009** þeim gekk öllum vel á námskeiðinu sem var stjórnað af Sissy Krick-ISU og Katarinu Hendrikson-ISU. Þar sem við höfum ekki val um marga sem geta starfað sem TS og / eða TC þá hefur verið mjög kostnaðarsamt að byggja upp tæknidómara þar sem hefur þurft að senda þá erlendis.

Kynningarfundir um ISU dómaraakerfið eða IJS (International Judging System) eins og það er kallað fóru fram í Akureyri 26 september og í Reykjavík 27 september 2009. Þátttaka var mjög dræm á þessum kynningarfundum.

ÍSS bauðst að senda fjóra fulltrúa til þátttöku í **ISU Development SYS Project** sem fram fór í Vierumaki í Finnlandi 7-11 september. Leitað var til Shelly Barnett um val á þátttakendum í verkefnið. Námskeiðið þótti takast mjög vel og ég vil fá að lesa hér örstuttan úrdrátt úr bréfi sem mér barst í kjölfarið:

„I must congratulate you because your skaters were really excellent participants. They skated very well and were very active during all lectures. It was a pleasure having them in the Seminar.“

Kind regards,
Marie Lundmark
ISU Council Member

Samhæfður skautadans-synchro/SYS lítur út fyrir að vera komið til að vera hérlendis, í dag eru 3 lið sem stunda reglubundið æfingar og er þetta mjög góð viðbót. Sækja verður um fleiri ístíma til þeirra sem úthluta ístímum svo þessi íþrótt fái að dafna og taki ekki þann litla ístíma sem einstaklingsskautarar hafa til umráða í dag.

Mót ÍSS síðast liðinn vetur voru fjögur : Haustmót, Bikarmót, Íslandsmeistaramót/Aðventum. og Íslandsmót barna –og unglunga. Úrslit allra móta má finna á heimasíðu ÍSS.

Stjórn ÍSS valdi Skautakonu ársins 2009, Dana Rut Gunnarsdóttir frá Skautafélagi Reykjavíkur hlaut þann titil.

Kynningarfundur um Grunnpróf var haldinn í Reykjavík samhliða Bikarmóti, þann 6 nóvember. Hr. Jereon Prins ISU Dómari og Referee, hélt kynningarfund um grunnpróf almennt, hvernig þeim er háttað í Hollandi og svaraði spurningum úr sal. Fundurinn var fjölmennur og mörgum spurningum varpað fram sem hann svaraði um hæl. Það sem kom kannski mest á óvart var að prófin í Hollandi eins og víða annars staðar eru erfiðari þ.e. innihalda fleiri spor, en hérlendis og að próftakar sem eru með meira en einn í mínus ná ekki prófi. Hérlendis ná skautarar prófi með þrjá í mínus.

Grunnpróf hafa nú hafist í öllum keppnisflokkum A og B, fyrir utan Novice, Junior og Senior flokka þar sem náttúruhamfarir settu strik sit þar á. Ég held að það sé komin nokkur góður skilningur á þeim og tilgangi þeirra en þó eru nokkur atriði hafa komið í ljós sem þarf að skoða betur og laga.

Norðurlandmótið 2010 fór fram 4-7 febrúar í Asker í Noregi,

Ísland átti tvo keppendur á NM2010 ásamt þeim voru þjálfari þeirra, dómari og undirrituð með í för. Íslensku keppendunum gekk ekki sem skyldi en mótið var í alla staði vel út fært og ánægjulegt heim að sækja. Stjórn ÍSS hefur rætt ýmsa þætti vegna þátttöku á NM þá um hvort ekki sé hægt að byggja upp okkar skautara á betri veg áður en á mót er haldið. Við teljum mjög mikilvægt að okkar keppendur fái réttan stuðning og undirbúning þar sem NM er mjög sterkt mót og við eigum verulega á brattann að sækja þar.

Þann 28 febrúar 2010 fagnaði ÍSS 15 ára afmæli sínu með þátttakendum á Íslandsmóti barna- og unglunga sem fram fór í Skautahöllinni á Akureyri. 15 ár eru ekki langur tími í sögu listhlaups á skautum, allir sem hafa rætt við mig erlendis frá s.l. ár eru undrandi yfir þeim framförum sem hafa átt sér stað á Íslandi á svo skömmum tíma.

Finnlandsverkefni eða ISU Development Project verkefni 2010-2014

Þetta verkefni er samvinnuverkefni sérsambanda norðurlanda ásamt Eistlandi.

Allar ákvarðanir varðandi „criteria“ eða val á skauturum, þjálfurum, TC, TS og dómurum er ákveðið af þessum þjóðum sameiginlega, ekki er um einhliða ákvörðun ÍSS hvernig því skuli háttað.

Valnefnd: þ.e. a.s. þeir sem völdu okkar skautara samanstanda af:

Olga Baranova, Ivan Kralic, Shelley Barnett, Mona Adolfsson, Lise Røste Jensen, Mr. Jereon Prins, Mr. Patrick Ibens, Berit Kaijomaa

13 nöfn voru á lista eftir að val þeirra allra lá fyrir með mismunandi mörg atkvæði á bak við sig. 10 umsóknir bárust frá skauturum í verkefnið. Níu af þeim sem sóttu um voru á vallista áður upptaldrá fagaðila.

Við komum öllum í Vierumaki mjög mikið á óvart, þeim leiðbeinendum sem þar störfuðu, þjálfurum hinna þáttökulandanna sem voru með árið 2000. Skautararnir okkar stóðu sig frábærlega hvort sem var á ís, afís, eða í þrekprófi. Þjálfarar okkar fengu líka sinn skerf af hrósi. Þetta var einstaklega góð ferð, þrátt fyrir að komast ekki heim í einn dag vegna gossins. Það hrundu yfir mig daglega hrós í okkar garð og síðan barst mér bréf sama efnis frá Bartlett hjónum sem ég sendi á alla þjálfara í verkefninu og stjórn ÍSS og ég vil einnig fá að lesa smá úrdrátt úr því bréfi hér:

„We would like to congratulate you, the Federation and the coaches who have trained the skaters so well. Iceland has travelled the furthest in developing the skill level and quality of their skaters. Congratulations to all who have been involved in developing our sport in your country.“

Árið hefur liðið ótrúlega hratt ég er mjög ánægð með störf ÍSS og þeirra sem hafa unnið með okkur og fyrir okkur. Stjórn ÍSS s.l. vetur var mynduð af átta manns þar sem allir hafa ákveðnar og mismundandi skoðanir, en með hag íþróttarinnar að leiðarljósi var unnið af heiðarleika og leitað til þeirra sem sérþekkingu hafa þegar á því var þörf.

Góðir hlutir gerast hægt, með samvinnu og sameiginlegri framtíðarsýn er ég bjartsýn á framtíð íþróttarinnar héraðs og á erlendum vettvangi. Við eigum enn þó nokkuð í land en við náum landi ef við vinnum saman, með jákvæðum huga, af heiðarleika, raunsæi og sanngirni.

Langtíma markmið ÍSS er og hefur verið að byggja upp íþróttina héraðs, mennta þjálfara og dómara, stuðla að auknum æfingartíma, vinna að því að hægt verði að æfa allt árið héraðs og að Ísland verði í toppbaráttu á erlendum vettvangi í nánustu framtíð.

Ég óska íþróttinni alls hins besta í framtíðinni.

Þakka áheyrnina

Reykjavík, 30. maí 2010

June Eva Clark, formaður Skautasambands Íslands